

Skólaráðsfundur 31. maí 2023

Mætt voru: Katrín Lilja Ólafsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Kristján Elvar Meldar fulltrúi kennara, Kristján Ingi Arnarsson fulltrúi foreldra barna leikskólans, Ólafur Oddur Jónsson fulltrúi nemenda, Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans, Sara Kristinsdóttir fulltrúi foreldra nemenda grunnskólans, Stefanía Björg Jónsdóttir fulltrúi foreldra nemenda grunnskólans og Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri.

Forföll boðaði: Jasmín Hall Valdimarsdóttir fulltrúi nemenda. Um kl.

Fundur haldinn í stofu 7 í grunnskólanum kl. 15:15. Fundur settur kl. 15:19. Fundi slitið kl. 16:44.

Mættir: Herdís, Katrín Lilja, Kristján Elvar, Kristján Ingi, Ragnheiður Bærings, Sara Kristinsdóttir, Ólafur Oddur. Af fundi fóru vegna annarra skuldbindinga: Kristján Ingi, Ólafur Oddur

1. Menntastefna Dalabyggðar

Skólastjóri kynnir drög að nýrri menntastefnu sem allir fulltrúar skólaráðs fengu senda í tölvupósti 25. maí sl. Fulltrúar fengu tíma til að yfirfara og skoða fyrstu drög og spurði skólastjóri út hvort fulltrúar hefðu velt fyrir hvort bæta mætti einhverju við, við fyrstu sýn, hvort breyta þyrfti áherslum að fulltrúa mati eða umorða. Haldið verður áfram að vinna að menntastefnu og nú munu skólaráðsfulltrúar geta tekið sér rýmri tíma í að rýna í og skoða betur hvað betur mætti fara. Drög að menntastefnu mun einnig fara fyrir starfsmenn Auðarskóla. Eftir vinnu með starfsmönnum og athugasemdum frá skólaráði fær skólaráðið menntastefnu aftur til umsagnar og allt þangað til komið er að lokadrögum.

2. Skólanámskrá Auðarskóla

Skólastjóri kynnir drög að uppfærðri skólanámskrá grunnskóla Auðarskóla. Allir fulltrúar skólaráðs fengu drög að skólanámskrá í tölvupósti 25. maí sl.

Umræður um:

- Nemendur fá tækifæri til að bæta sig, útskýra.
- Kynning fyrir foreldra á einkunnakerfi, hvernig virka hæfniviðmið? Hvað þýðir A, B, C í einkunn?
- Athuga með að bæta “Unglingadeildin Óskar” í grenndarsamfélagið.
- Athuga að laga stafsetningarvillu á forsiðu.

Skólastjóri mun breyta drögum að skólanámskrá og uppfæra miðað við athugasemdir. Skólaráð fær skólanámskrá aftur í hendur þegar námskráin hefur verið metin, skoðuð og rædd meðal starfsmanna Auðarskóla og allt þangað til komið er að lokadrögum. Skólanámskrá er lifandi skjal að hluta til og mun ávallt vera uppfærð á ári hverju eftir því sem við á.

3. Tillaga um breyttan opnunartíma á leikskólanum

Skólastjóri kynnir tillögu að breyttum og styttri opnunartíma á föstudögum í leikskólanum á næsta ári. Umræður um mögulega þörf í samfélaginu fyrir lengri opnun. Kostir og gallar ræddir. Allar athugasemdir teknar til greina og unnið með þær í stjórnsýslunni.

4. Kennslufyrirkomulag

Umræður:

- a. Kennsluhættir grunnskólans ræddir m.a. út frá einstaklingsmiðaðri kennslu.
- b. Skólastjóri ræðir um skólaþjónustu sem hugsanlega er verið að fá fyrir Dalabyggð.
- c. Samþætting. Leiðsagnarnám. Fjölbreyttir kennsluhættir.
- d. Skólaráðsfulltrúi óskar eftir upplýsingum um kennslu kynfræðslu í skólanum á elsta stigi. Hann er ósáttur við framsetningu námsefnis. Segir frá óánægju einhverra foreldra varðandi það. Upplýsir um að málið sé í ferli. Skólastjóri hefur ekki fengið málið á sitt borð og harmar að málið hafi ekki komið inn með formlegum hætti til skólans.

Skólastjóri óskar eftir að slíta fundi að svo stöddu. Fundarmenn samþykkja. Framhaldsfundur boðaður síðar.

Fleira ekki rætt.

Fundargerð ritaði Kristján Elvar